

Fundur stjórnar Íshökkísambands Íslands
Mánudaginn 18. mars 2024 klukkan 12:10
Fundarstaður: ZOOM, fjarfundur.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Sigrún Agata (SA), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GÍÞ) Olgeir Olgeirsson (OO), Bergur Jónsson (BJ), Viðar Garðarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Arnar Sveinsson (AS), Ingólfur Elíasson (IE),

Stjórn ÍHÍ kom saman til fundar til þess að ræða umkvartanir sem höfðu borist til sambandsins vegna leiks í U18 aldursflokki sem leikn var föstudaginn 15. mars 2024.

Þar lék markmaðurinn Þórir Aspar með U18 liði Fjölnis. Þórir er fæddur 2005 og því of gamall til þess að leika með þessum aldursflokki. Stjórn sambandsins hefur farið yfir málið með hliðsjón af gildandi reglum og reglugerðum. Svo sem eins og lögum ÍHÍ númer 11, lið e. og reglugerð nr. 3 og komist að þeirri niðurstöðu að sambandinu beri að fara eftir reglugerð númer 3 og dæma leikinn tapaðann 0-10.

Áður en endanleg ákvörðun er tekin er Fjölni íshökkídeild boðið að koma á framfæri andmælum sínum ef einhver eru. Andmælin skulu send í tölvupósti á president@ihi.is Veittur er frestur til andmæla til miðnættis miðvikudaginn 20. mars 2024.

Framkvæmdastjóra falið að senda bókun þessa á formann Fjölnis.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.